



Ægisíða 102 - Viðauki við samkomulag við Festi um bensínstöð

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að fresta tímamörkum rammisamkomulags og samkomulags dags. 25. júní 2021 við Festi ehf. vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Ægisíðu 102 til 1. janúar 2024 í stað 1. janúar 2023.

Greinargerð:

Í 1. gr. samkomulags um Ægisíðu 102, dags. 25. júní 2021, og 3. gr. rammisamkomulags milli Reykjavíkurborgar og Festir og Krónunnar, dags. 27. maí 2021, kemur fram að hafi nýtt deiliskipulag ekki verið samþykkt á lóðunum Ægisíðu 102 og Fiskislóð 15-21 hinn 1. janúar 2023, vegna atvika sem ekki má rekja til lóðarhafa, muni aðilar taka upp viðræður um endurskoðun á því tímamarki sem rekstri eldsneytisstöðvar á Ægisíðu 102 verður hætt. Nú er beðið eftir niðurstöðu Borgarsögusafns um verndun bensínstöðva auk þess sem skipulagsfulltrúi er að vinna að minnisblaði um uppbyggingu á þeim bensínstöðvalóðum samið hefur verið um að víki.

Atvikin má ekki rekja til lóðarhafa og er því lagt fyrir borgarráð að fresta tímamörkum í samkomulaginu sem og í rammisamkomulagi til 1. janúar 2024 í stað 1. janúar 2023.

Framlenging þessi hefur ekki áhrif á aðrar tímasetningar rammisamkomulagsins.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fylgiskjal: Drög að viðauka 1

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, Festi hf., kt. 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, og Krónan ehf., 711298-2239, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi, gera með sér svohljóðandi:

VIÐAUKA
við rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu
eldsneytisstöðva N1 og samkomulags vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar
á lóðinni Ægisíða 102 í Reykjavík

1. gr.

Inngangur

Þann 27. maí 2021 gerðu Reykjavíkurborg, annars vegar og Festi hf. og Krónan ehf., hins vegar, með sér rammasamkomulag um fyrirhugaðar breytingar á aðstöðu eldsneytisstöðva N1 í Reykjavík, hér eftir nefnt **rammasamkomulagið**. Auk þess gerðu Festi og Reykjavíkurborg með sér samkomulag um fyrirhugaða uppbyggingu á lóðinni Ægisíðu 102 í Reykjavík þann 25. júní 2021, hér eftir nefnt **samkomulagið**.

Í 3. gr. rammasamkomulagsins kemur fram að hætta eigi rekstri á lóðinni Ægisíðu 102 eigi síðar en 1. janúar 2023, þó eigi síðar en 12 mánuðum frá samþykkt borgarráðs á nýju deiliskipulagi fyrir Ægisíðu 102 og Fiskislóð 15-21. Þegar rekstri er hætt er heimilt að taka í notkun tvær dætur á Fiskislóð 15-21. Í 3. gr. rammasamkomulagsins og 1. gr. samkomulagsins kemur fram að hafi nýtt deiliskipulag ekki verið samþykkt á lóðunum Ægisíða 102 og Fiskislóð 15-21 hinn 1. janúar 2023, vegna atvika sem ekki má rekja til lóðarhafa, munu aðilar taka upp viðræður um endurskoðun á því tímamarki sem rekstri eldsneytisstöðvar á Ægisíðu 102 verður hætt.

Nú er ljóst að nýtt deiliskipulag mun ekki taka gildi fyrir 1. janúar 2023 vegna atvika sem ekki má rekja til lóðarhafa. Hafa samkomulagsaðilar því komið sér saman um eftirfarandi breytingar á rammasamkomulaginu og samkomulaginu:

2. gr.

Breytingar á 3. gr. rammasamkomulagsins

Málgreinin um Ægisíðu 102 orðast svo:

„Festi hf. mun hætta rekstri eigi síðar en 1. janúar 2024. Þegar rekstri er hætt á lóðinni er heimilt að taka í notkun tvær dætur á lóðinni Fiskislóð 15-21, sem er í eigi Festi fasteigna ehf. Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið samþykkt á lóðunum hinn 1. janúar 2024 vegna atvika sem ekki má rekja til lóðarhafa munu aðilar taka upp viðræður um endurskoðun á því tímamarki sem rekstri eldsneytisstöðvarinnar verður hætt. Sjá nánar sérstakt samkomulag um Ægisíðu 102.“

Aðrar málgreinar verða óbreyttar.

3. gr.

Breytingar á 1. gr. samkomulagsins

Í stað „1. janúar 2023“ kemur „1. janúar 2024“.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

--- Undirritun á næstu síðu ---

Reykjavík, __. desember 2022

F.h. Festi hf.

F.h. Krónunnar ehf.

F.h. Reykjavíkurborgar